

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Ákvæði 3.–5. gr. koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2004 vegna tekna á árinu 2003.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „og fiska og erfðaefnis þeirra“ í 1. másl. 13. gr. laganna kemur: fiska og erfðaefnis þeirra, svo og svína og erfðaefnis þeirra frá viðurkenndum kynbótabúum eða sæðingarstöðvum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðni Ágústsson.